

6. desember 2002, 13.30-16.30.

Leyfileg hjálparbögn: Allir dauðir hlutir.

Rökstyðjið öll svör og gerið grein fyrir forsendum. Þar sem til teljið vanta forsendur gefið ykkur það sem þið teljið nauðsynlegt.

- Gefið er eftirfarandi tvívítt þéttifall:

$$f(x, y) = 2x \quad 0 \leq x \leq 1, \quad 0 \leq y \leq 1$$

Reiknið  $P(X^2 < Y < X)$ .

- Gefið er tvívítt þéttifall:

$$f(x, y) = 2(1 - y) \quad 0 \leq x \leq 1, \quad 0 \leq y \leq 1$$

Finnið dreifingu  $V=XY$ .

- Gefið er random úrtak  $X_1, \dots, X_n$  úr dreifingunni:

$$f(x|\theta) = \theta x^{\theta-1} \quad 0 \leq x \leq 1 \quad 0 \leq \theta < \infty$$

Finnið a) MLE metil fyrir  $\theta$ , b) method-of-moment metil fyrir  $\theta$ .

- Skýrið hvers vegna þýðingin, „metill hámarkslíkinda” er varasöm þýðing á hugtakinu, „maximum-likelihood estimator”.

- Gefið er random úrtak,  $X_1, \dots, X_n$ , úr Paretodreifingunni,

$$f(x|\theta) = \frac{\theta}{x^{\theta+1}} \quad \theta > 0, \quad x > 1$$

Finnið likelihood-ratio prófstærð fyrir kenningaprófunina  $H_0 : \theta = 1$  gegn  $H_1 : \theta \neq 1$ .


- Breyturna  $x_t$  og  $y_t$  hafa verið mældar á 500 tímapunktum. Ferla mælinganna á sjá á mynd 1. Við höfum áhuga á hugsanlegum tenglum  $x_t$  og  $y_t$  og því hefur verið framkvæmd aðhvarfsgreining. Niðurstöður hennar eru sýndar í töflu 1. Tjáð ykkur um hugsanlegt samband breytanna.

- Afgangsliðirnir í dæminu á undan  $\hat{u}_t$  voru athugaðir og eftirfarandi jafna var metin (staðalfrávik í svigum):

$$\Delta\hat{u}_t = -0.0003867 + 7.74279E - 07t + -0.02439\hat{u}_{t-1} + 0.05074\Delta\hat{u}_{t-1} + 0.05322 \quad \Delta\hat{u}_{t-2} \\ (0.00130) \quad (4.52833E - 06) \quad (0.0102) \quad (0.0452) \quad (0.0453)$$

Hér er  $\Delta\hat{u}_t = \hat{u}_t - \hat{u}_{t-1}$  og  $t = 1, 2, 3, \dots$ . F-prófstærðin fyrir kenninguna að stuðlarnir við  $\hat{u}_{t-1}$  og  $t$  séu samtímis 0 er 2.95. Hvernig var F-gildið reiknað? Skýrið hvers vegna einhverjum gæti dottið í hug að meta þessa jöfnu. Setjið fram þær kenningar sem hugsanlega er verið að athuga hér. Gefa þessar niðurstöður eitthvað til viðbótar við dæmið á undan? Er eitthvað annað sem hugsanlega ætti að reikna hér?

- Skýrið þankaganginn í general-to-specific og specific-to-general líkanagerð og tengið við hugtakið „data-mining”.



Mynd 1: 500 mælingar á x og y

Niðurstöður úr regression forriti: OLS mat sem byggir á 500 mælingum  
Háð breyta: y

Variable	Coefficient	Std. Error	t-statistic	p-value
const	-0.00331	0.00338	-0.983	0.326
x	-1.023	0.0299	-35.28	0.000
<hr/>				
Mean of dependent variable		0.0567		
S.D. of dependent variable		0.122		
Sum of squared residuals		2.119		
Standard error of residuals ( $\hat{\sigma}$ )		0.0652		
Unadjusted $R^2$		0.7143		
Adjusted $\bar{R}^2$		0.7137		
$F(1, 498)$		1244.93		
Durbin–Watson statistic		0.046		
First-order autocorrelation coeff. ( $\hat{\rho}$ )		0.979		

Tafla 1: Niðurstöður aðhvarfsgreiningar